



# *Fermingarblað Vífils 1981*

1. tbl. 3 ár, 1981.



DI '81


# Allar tryggingar í



**húsinu**

**Brunabótafélag Íslands**

LAUGAVEGI 103 - REYKJAVÍK - SÍMI 26055





# Garðbæingar! Garðbæingar!

*Kransakökur fyrir fermingar*

*og brúðkaup.*

*Sendum heim*



**GRENSÁSBAKARÍ**

*Lyngási 11 Sími 51445 — 58144*



Útgefandi: Skátafélagið Vífill,  
Hraunhólum 12, Garðabæ.

Ábyrgðarmaður: Sigurjón Vilhjálmsson

Ritstjóri: Páll Hilmarsson.

Ritnefnd:  
Atli G. Lýðsson  
Baldur Sigurðsson  
Björgvin Örn Eggertsson  
Björn Hilmarsson  
Gestur Geirsson  
Haraldur Þorri Grétarsson  
Haukur Þór Haraldsson  
Hörður Már Harðarson  
Karl Rúnar Þórsson  
Lydia Fannberg Gunnarsd.  
Sigrún Pálsdóttir  
Soffía Dagmar Þorleifsd.  
Soffía Heiða Hafsteinsd.

Forsíðumynd: Dóra Ingólfssdóttir

Ljósmyndir: Jón Benediktsson  
Karl Rúnar Þórsson  
Páll Hilmarsson  
Ægir Ib Wessmann

Útlitshönnun: Gunnar Kristinn Sigurjónss.

Setning: Acta hf., Dalshrauni 5 Hf.

Prentun: Prentsmiðja  
Fríðriks Jóelssonar,  
Reykjavíkurvegi 80, Hf.

*Höfum opið alla fermingar- og hátíðis-  
dagana frá kl. 10.00–21.00 nema föstu-  
daginn langa og páskadag.*

**BLÓMABÚÐIN**

**FJÓLA** 

GOÐATÚNI 2

SÍMI 44160

**Einangrunarplast  
og  
þakpappi**

Íslensk framleiðsla

**Þakpappaverksmiðjan hf.**

Goðatúni 2

Pósthólf 88 – Sími 42101



## Kæru bæjarbúar

Nú í þriðja sinn kemur út Fermingarblað Vífils stærra og vandaðra en áður. Viðtökurnar sem blaðið hefur fengið eru mjög góðar og er nú svo komið að blaðið skipar sér nokkurn sess í bæjarlífinu ár hvert. Í skátafélaginu Vífli eru nú starfandi um 200 manns, og fer þeim fjölgaandi ár frá ári, sem koma og taka þátt í hinu heilbrigða starfi sem fram fer á vegum félagsins.



Það gefur augaleið að svo stórt félag sem Vífill er, þarf mikið fé til rekstrarstarfsemi sinnar. En félagið á nú að fullu húsnæði sitt að Hraunhólum 12, útilegu-skála í Heiðmörk auk margs konar útilegubúnaðar.


Sala fermingarskeyta er nú orðið mikilvægasta fjáröflun Vífils og er því undir ykkur komið góðir bæjarbúar að þið bregðist vel við og sendið fermingarskeyti Vífils. Með von um gott samstarf. Lífið heil!

Páll Hilmarsson



**Skátaskeyti  
eru ódýr**

# Skátafélagið Vífill



Skátafélagið Vífill var stofnað þann 20. apríl 1967 og hafði aðsetur fyrstu árin að Goðatúni 2. Síðan hefur vegur þess farið vaxandi og nú eiga skátarnir félagsheimili að Hraunhólum 12 og nefna Vífilsfell. Í landi Oddfellowreglunnar rétt fyrir utan Heiðmörk er skáli, sem skátarnir eiga og hann kalla þeir Vífilsbúð. Í Vífilsfelli fer öll aðalstarfsemi félagsins fram og sími þar er 5 19 89.

Í stjórn félagsins þetta árið eru:

Sigurjón Vilhjálmsson fél.for. Sími 31421

Páll Hilmarsson, aðst.fél.for. Sími 42957

Þór Ingólfsson, gjaldkeri Sími 41609

Kristín Hólm, ritari Sími 41338

Jón G.Sveinsson Sími 41521

Jón Geirsson Sími 42133

Húsnefnd félagsins skipa þeir

Ágúst Þorsteinsson Sími 42669

Sigurjón Vilhjálmsson Sími 31421

Til að lýsa skátafélagi er einfaldast að byrja á yngstu félögunum. Við 8-9 ára aldur er öllum heimilt að ganga í skátahreyfinguna, þá fara stúlkur í Ljósálfasveit en piltar í Ylfingasveit. Í þessum sveitum er þeim kynnt skátastarfið og þau taka ýmis próf, sem þroskar með þeim skátaanda, þau fara í dagsferðir til að kynna náttúrunni og vinna ýmis sameiginleg verkefni.



Við 11 ára aldur fara þau í skátasveit og þar er þeim skipt í 6 - 8 manna flokka, sem eitt þeirra stjórnar. Á fyrsta ári í skátasveitinni læra þau skátalögin og skátaheitið og taka ýmis smápróf. Og á þessu fyrsta ári sínu eru þau formlega tekin til skátastarfa og sjá eldri meðlimir sveitarinnar og sveitarforingjar um vigsúr. Prófin eru rammi fyrir starfið og gefa ótæm-



andi möguleika til fjölbreytni. Kennslan fer fram í leikjum og í þrauta- og keppnisformi. „Að gera hlutina“ á að ganga eins og rauður þráður í gegnum allt skátastarfið. Það vekur áhuga skátans. Stofnandi skátahreyfingarinnar, Sir Robert Baden Powell, sagði: „Skátastarfið er ekki vísindagrein, sem krefst langs náms og ekki heldur safn af kennisetningum og lagabókstöfum. Ekki er það heldur hernáðarkerfi, þar sem hlýðni og aga er dælt inn í fólkið en skapgerð og einkenni einstaklingsins afmáð. — Nei — Skátastarfið er skemmtilegur leikur, er ætti sem mest að fara fram úti í náttúrunni, þar sem unglingar og fullorðin fólk með hug arfar æskunnar lifir ævintýraríku lífi, en gerir það að heilbrigðum, hamingjusömum, nyt-sömum og hjálpsömum mönnum og konum.“



Við 15 ára aldur geta skátarnir tekið þátt í dróttskátastarfinu, sem er framhald á skátastarfi, en tekur einnig við unglingum, sem ekki hafa verið skátar, en þá skulu þeir kynna sér aðalatriði skátahjálfunarinnar.

**Sigurjón Vilhjálmsson.**

# SKOÐIÐ SÝNINGAR- ELDHÚS



## VÍKUR ELDHÚS HF

Súðavogi 44 (gengið inn frá  
Kænavogi) sími 31360

# Önnumst allar skipainnréttingar og viðhald á skipum



## NÖKKVI HF

SKIPASMÍÐASTÖÐ

ARNARVOGI

GARÐABÆ

Sími 51220

## Myndir úr starfinu



## *Ferming í Garðakirkju 29. mars kl 2 e.h.*

### **Stúlkur:**

Anna Guðmundsdóttir, Lindarflöt 13.  
Anna K. Stefánsdóttir, Heiðarlundur 7.  
Anna M. Ólafsdóttir, Heiðarlundur 20.  
Ásta R. Ólafsdóttir, Stekkjarflöt 14.  
Elín Þórðardóttir, Furulundur 1.  
Guðný Gunnsteinsdóttir, Lindarflöt 50.  
Jóhanna B. Guðjónsdóttir, Faxatúni 6.  
Lilja Jónsdóttir, Hvannalundur 2.  
Linda B. Elíasdóttir, Brúarflöt 7.  
María Danielsdóttir, Sunnuflöt 32.  
Sigrún Eðvaldsdóttir, Faxatún 15.

### **Drengir:**

Árni Kristjánsson, Ásbúð 41.  
Björn Jóhannsson, Ásbúð 16.  
Einar Einarsson, Hörpulundi 5  
Gestur Geirsson, Goðatúni 15.  
Guðmundur Hafsteinsson, Hörgatún 17.  
Hafsteinn Bragason, Holtsbúð 57.  
Hermann Leifsson, Heiðarlundur 6.  
Jóhann Sveinsson, Faxatúni 12.  
Karl Þórsson, Goðatúni 13.  
Matthías Davíðsson, Reynilundur 9.  
Þorbjörn J. Einarsson, Einilundi 10.

## *Ferming í Garðakirkju 5. apríl kl 10.30 f.h.*

### **Stúlkur:**

Anna Rakei Sigurðardóttir, Hegrnesi 31.  
Dóra V. Gunnarsdóttir, Asparlundi 1.  
Fríða Guðmundsdóttir, Gimli, Álftanesi.  
Halldóra Tryggvadóttir, Þarstarlundi 1.  
Helena Þ. Karlsdóttir, Hlíðabyggð 44.  
Helga Hjördís Sigurðardóttir, Hegrnesi 31.  
Kristín Thorarensen, Ásgarði 2.  
Linda Björk Bragadóttir, Hlíðarbyggð 12.  
Linda B. Richter, Sunnuflöt 27.  
Líney Jónsdóttir, Aratúni 25.  
Lydia Gunnarsdóttir, Hörpulundi 4.  
Margrét E. Þórðardóttir, Sunnuflöt 24.  
Mínerva Alfreðsdóttir, Skógarlundi 2.  
Nanna Logadóttir, Hlíðabyggð 7.  
Sigríður Ólafsson, Goðatúni 23.  
Sólveig Ásta Jónsdóttir, Markarflöt 31.

### **Drengir:**

Atli Norðdahl, Dalsbyggð 20  
Björn G. Þorleifsson, Hlíðarbyggð 10.  
Elías Örn Alfreðsson, Haukanesi 28.  
Guðmundur Kærnested, Þrastarnesi 16.  
Guðmundur Thorarensen, Ásgarði 2.  
Hafþór V. Sævarsson, Goðatúni 9.  
Magnús M. Magnússon, Goðatúni 32.  
Markús Sigurjónsson, Haukanesi 3.  
Páll Þ. Magnússon, Espilundur 7.  
Stefán Gunnarsson, Goðatún 16.

## Eftirtalin fyrirtæki styrktu útgáfu þessa

Benedikt Sveinsson hrl. Öldugötu 15 — Sími 10223

Einar Viðar hrl., Túngötu 5 — Sími 19406

Olís v/Lyngholt, Garðabæ — Sími 51441

Kaupfélag Hafnfirðinga, Garðaflöt 16 — Sími 42424

Versl. Magnúsar Guðlaugss. ÚR-VAL, Strandgötu 19 Sími 50590

H.Á.R. Hafnarfirði, Strandgötu 37 — Sími 53955


Verslunin Eik Strandgötu 31 — Sími 53534

Trésmiðja Ólafs og Björns, Trönuhrauni 6 — Sími 52885

Ragnar Björnsson hf., Dalshrauni 6 — Sími 50397

B.B. húsgögn, Dalshrauni 1 — Sími 51620

Bókabúð Olivers Steins, Strandgötu 31 — Sími 50045

**stálvíkhf**  Garðabæ — Sími 51900-51619  
skipasmiðastöð

 **RAFBOÐI** H/F

 **SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA**

 **Hjólbarðasólun Hafnarfjarðar hf.**  
TRÖNUHRAUNI 2 - PÓSTHÓLF 120 - 222 HAFNARFIRÐI - SÍMI 52222

## Myndir úr starfi Vífils



## *Ferming í Garðakirkju 5. apríl kl. 2 e.h.*

### **Stúlkur:**

Ásdís Ásgeirsdóttir, Markarflöt 29.  
Ásta Emilsdóttir, Löngufit 38.  
Ásthildur Kristjánsdóttir, Melási 2.  
Björk Baldursdóttir, Víðilundi 8.  
Guðfinna Harðardóttir, Faxatúni 9.  
Halldóra Traustadóttir, Hlíðabyggð 31.  
Lilja Baldursdóttir, Víðilundi 8.  
Marta Þórðardóttir, Markarflöt 9.  
Sólveig Ósk Jónsdóttir, Breiðási 1.  
Þóra Sigurðardóttir, Breiðási 9.  
Þórunn Pétursdóttir, Melás 3.

### **Drengir:**

Ágúst Jónas Eliasson, Ásbúð 70.  
Brynjar Þ. Árnason, Sunnuflöt 25.  
Óskar G. Óskarsson, Holtsbúð 35.  
Sigurjón Þ. Kristjánsson, Holtsbúð 59.  
Sverrir S. Sigurðsson, Hagaföt 4.

## *Ferming í Garðakirkju 12. apríl kl. 2 e.h.*

### **Stúlkur:**

Ástþrúður K. Jónsdóttir, Hæðarbyggð 1.  
Bryndís E. Jónsdóttir, Hegranesi 35.  
Freyja Gylfadóttir, Miðtúni  
Gréta Grétarsdóttir, Hegranesi 34.  
Harpa Þórðardóttir, Holtsbúð 9.  
Helga Sigurgeirsdóttir, Holtsbúð 54.  
Hildur Benediktsdóttir, Aratúni 38.  
Hrönn Benediktsdóttir, Aratúni 38.  
Hrönn Ingólfssdóttir, Þrastarnesi 22.  
Jónína Þórunn Kristjánsdóttir, Sunnuflöt 1.  
Kristín Helgadóttir, Hæðarbyggð 7.  
Kristín O. Hlynsdóttir, Ránargrund 5.

Margrét Sæmundsdóttir, Garðaflöt 3.  
Sigríður Kristjánsdóttir, Hegranesi 19.  
Sigrún Benediktsdóttir, Holtsbúð 30.  
Þóra Stefánsdóttir, Lyngmóum 4.

### **Drengir:**

Eiríkur Pálsson, Aratúni 17.  
Guðmundur Th. Guðmundsson, Espilundi 11.  
Gunnbjörn Steinarsson, Markarflöt 11.  
Halldór S. Kjartansson, Mávanesi 8.  
Helgi S. Sigurðsson, Smáraflöt 46.  
Kristinn Arnórsson, Móaföt 41.  
Ólafur H. Jónsson, Hlíðarbyggð 27.  
Ragnar Gíslason, Móaföt 13.  
Vignir Þ. Hlökkversson, Grenilundi 5.  
Viktor Vigfússon, Dalsbyggð 23.  
Þór Ómar Jónsson, Ásbúð 24.



# Hvernig á að senda skátaskeyti ?



Tekið verður á móti pöntunum í sínum 52193 og 52194 og einnig í Garðaskóla v/Lyngás, milli kl. 9 og 17. Verð á skeyti er kr. 20. Skeytin verða afgreidd í sérstökum möppum.

Áletrun á skeytunum er: „Hjartanlegar hamingjuóskir á fermingardaginn.

Það er ósk okkar og von að þið, góðir Garðbæingar styrkið þessa fjáröflun.

Skátaskeytin eru ætíð best.



**Skátaskeyti er lausnin**

## *Ferming í Garðakirkju 29. mars kl. 10.30*

### **Stúlkur:**

Anna M. Guðjónsdóttir, Hlíðabyggð 9.  
Arnfríður M. Guðmundsdóttir, Hlíðabyggð 41.  
Auður M. Ketilsdóttir, Heiðarlundi 4.  
Hallveig Guðnadóttir, Hofslundi 7.  
Herdís Tómasdóttir, Móaflöt 10.  
Hólmfríður Þórsdóttir, Prastarlundur 16.  
Rúna Knútsdóttir, Furulundur 5.  
Sigurbjörg Benediktsdóttir, Furulundur 4.  
Sigríður Helga Guðmundsdóttir, Marargrund 12.  
Svava Dögg Gunnarsdóttir, Ásbúð 75.  
Þóra Bjarnadóttir, Haukanes 23.  
Þórlaug Hildibrandsdóttir, Smáraflöt 18.

### **Drengir:**

Benedikt Elfar, Móaflöt 7.  
Dagur Halldórsson, Hvannalundur 7.  
Guðni D. Óskarsson, Brekkubyggð 27.  
Henrik Eyþór Thorarensen, Skógarlundi 11.  
Jakob Bjarnason, Ásbúð 13.  
Ólafur E. Jóhannsson, Heiðarlundur 13.  
Pétur Bjarnason, Holtsbúð 83.  
Pétur Ísfeld Karlsson, Heiðarlundur 1.  
Sveinn Markússon, Sunnuflöt 6.  
Walter Unnarsson, Ásbúð 47.



# Sumardagurinn fyrsti



Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta n.k. verða með hefðbundnum hætti eins og hin fyrri ár. Skátamessa verður í Garðakirkju kl. 11. Klukkan 14.00 verður svo gengið í skrúðgöngu frá gatnamótum Karlabrautar og Hofstaðabrautar að skátaheimilinu. Þar verður fánahylling en að henni lokinni verður margt um dýrðir. Skátaheimilið verður opið og þar verður hægt að

tylla sér niður og fá sér kaffisopa eða skoða þær framkvæmdir sem skátarnir verða með úti fyrir.

Komið og takið þátt í hátíðarhöldunum og kveðjið þann erfiða vetur sem svo mjög hefur þrugað okkur bæjarbúa, og fagnið sumri með von um sól og sumaryl.



**Fótaaðgerðir og snyrting**  
*fyrir íbúa 67 ára og eldri er*  
*í íþróttahúsinu v/Ásgarð.*  
*Tímamantanir í síma 43426*  
*og 45022.*

**Félagsmálaráð**  
**Garðabæjar**



## Félagsstarf aldraðra í Garðabæ

Spila- og skemmtikvöld verða sem hér segir:

fimmtudaginn 26. mars kl. 20:00

í Safnaðarheimili

fimmtudaginn 9. apríl kl. 20:00

á Garðaholti

fimmtudaginn 30. apríl kl. 20:00

í Álfanessskóla

fimmtudaginn 14. maí kl. 20:00

á Garðaholti

Allir eldri íbúar eru hjartanlega velkomnir.

Félagsmálaráð Garða.



**Skátafélagið**



**Vífill óskar**

**fermingarbörnum**

**til hamingju með**

**fermingardaginn**

**og þakkar íbúum**

**Garðabæjar fyrir**

**gott samstarf og**

**veittan stuðning**

**á liðnum árum**

## Tilkynning til hundaeigenda

Hundahald er bannað í Garðabæ. Hægt er að fá unanþágu til hundahalds og ber öllum hundaeigendum, sem enn hafa ekki sótt um slíka unanþágu að snúa sér til skrifstofu Garðabæjar, Sveinatungu, svo komist verði hjá frekari aðgerðum.

Augljóst er, að margir hundaeigendur hafa ekki kynnt sér nægilega vel þær reglur, sem í gildi eru um hundahald. Því birtist hér úrdráttur úr gildandi reglugerð ásamt til-mælum um, að hundaeigendur virði reglurnar og fari eftir þeim.

1. Hundar skulu aldrei ganga lausir á almannaferi, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur vald yfir þeim.
2. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara til óþæginda.

Hundaeftirlitsmaður er Jóna Bjarkan og er hún til viðtals í sínum 42311 f.h. virka daga og 43317 á öðrum tímum.

Garðabæ, 18. mars 1981

Hundaeftirlitsmaður

## Það er lán að skipta við **SPARISJÓÐINN**



 **SPARISJÓÐUR**  
**HAFNARFJARÐAR**  
STRANDGÖTU 8-10

 **SPARISJÓÐUR**  
**HAFNARFJARÐAR**  
NORDURBÆR REYKJAVÍKURVEGI 66



# Vífilsbúð

Skátafélagið Vifill hefur átt skála í landi Oddfellowreglunnar síðan árið 1968. En haustið 1971 brann sá skáli og var þá byggður nýr fokheldur skáli og honum kom-



Vífilsbúð

id fyrir á svo til sama stað.

Fyrstu árin var unnið að því að gera hann sem best útileguhæfan og núna í sumar voru gerðar miklar breytingar, keypt var ný eldtraust útidyrhurð, smíðaður var nýr pallur og sett voru upp mjög vönduð gasljós, einnig voru keypt gaseldavél og ofn.

Undanfarin ár hefur skálinn verið mikið notaður og ætla má að um 300 manns gisti skálann árlega. Þess má líka geta að af þeim rúmlega 30 helgum sem liðnar eru af vetrinum hefur skálinn verið leigður út 24 sinnum.

Umhverfi skálans er mjög hentugt og skemmtilegt fyrir hvers kyns skátastarf og hafa Vífilsnót verið haldin í nágrenni skálans síðastliðin ár.



## Skátaskeyti eru falleg



## „Alltaf er skortur á fullorðnu fólki til starfa ”

Starfsemi félagsins hefur verið með ágætum á síðasta ári. Vífilmót var haldið í júní lok og þó frekar fátt hafi verið þar þá létu menn það ekki á sig fá heldur skemmtu sér konunglega. Félagið tók þátt í tveim skátamótum og vann til verðlauna á þeim báðum. Annars lá hin eiginlega starfsemi niðri um sumarið.

Með haustinu hófst svo starfið með innritun og létu um 200 manns innrita sig í ljósálfa-, ylfinga- og skátasveitirnar. Félagsfundur var haldinn í nóvember og þangað boðið fötluðum börnum og síðan aftur 22. feb. á afmæli Baden Powell. Tókst það með ágætum og höfðu viðkomandi aðilar mikla skemmtun af. Er nú í athugun að reyna að auka samstarfið enn frekar. Í byrjun janúar hélt félagið svo flokksföringjanámskeið að Úlfjótuvatni og sóttu það um 30 manns. Á þessu ári hefur félagið studlað mjög að þjálfun foringja og auk þess hefur það sent um 40 manns á hin ýmsu námskeið á vegum Bandalags íslenskra skáta. Þau verkefni sem nú er verið að vinna að eru skeytasalan og sumar-dagurinn fyrsti. En hugir flestra skáta stefna á landsmótið, sem haldið verður í sumar á Akur-



eyri. Undirbúningurinn fyrir landsmótið hófst fyrir nokkru og mun hann standa yfir, alveg fram að mótinu, en gert er ráð fyrir að 30-40 manns fari frá félaginu.

Skátaheimilið er svo notað alla daga fyrir fundi og annað starf. Þeir sem áhuga hafa á að koma í skátana geta hringt út í skátaheimili og haft tal af þeim foringjum, sem eru með fundi í það og það skiptið.

Alltaf er skortur á fullorðnu fólki til starfa og hafa ber í huga að félagið verður aldrei það stórt að ekki megi bæta einum við.

### Hárgreiðslustofan

# INNA

## Aratúni 1 Garðabæ

### Sími 44034

Opið frá kl. 13.00 alla virka  
daga nema laugardaga  
frá kl. 9.00

Kristín Ottósdóttir

### SUNDLAUGIN ÁSGARÐI SÍMI 53066

Almenningstímar eru þessir:

|            |                 |
|------------|-----------------|
| Virka daga | kl. 7:30— 9:00  |
| virka daga | kl. 17:00—20:00 |
| laugardaga | kl. 9:00—14:00  |
| sunnudaga  | kl. 9:00—12:00  |

Timinn milli kl. 19:00 og 20:00 er einvörðungu ætlaður fullorðnum.

GUFUBAÐ: fyrir karla

|             |                 |
|-------------|-----------------|
| þriðjudaga  | kl. 17:00—22:00 |
| miðvikudaga | kl. 17:00—22:00 |
| föstudaga   | kl. 17:00—22:00 |

GUFUBAÐ: fyrir konur

|            |                 |
|------------|-----------------|
| mánudaga   | kl. 17:00—22:00 |
| fimmtudaga | kl. 17:00—22:00 |
| laugardaga | kl. 9:00—14:00  |

Innifalið í aðgangseyri að gufubaði er aðgangur að sundlaug, afnot af teppi og laki.

Þreksalur er opinn almenningi á miðvikudögum frá kl. 17:00—22:00 og laugardögum kl. 9:00—14:00.

Sólarlampi er leigður samkvæmt þöntunum.

Forstöðumaður.

## Skátaheimilið Vífilfell, varða dugmikillar æsku Garðabæjar

Undanfarið hefur gætt misskilnings í umræðum manna um að bæjarsjóður hafi keypt skátaheimilið fyrir skátana. Þetta hefur valdið sárindum unga fólksins, sem hefur lagt mikið á sig til að eignast þetta góða húsnæði.

Til að upplýsa hvernig þessi kaup og rekstur hafa gengið fyrir sig og auk þess til að láta alla njóta sannmælis skrifa ég þessa grein.

Fyrir 12 árum eða í febrúar árið 1969 var húseignin Hraunhólar 12 auglýst til sölu. Við skátarnir sáum að húsið hentaði okkur vel, mörg smá herbergi, gott eldhús og stór stofa. Húsið stóð í hraunjaðrinum með opið svæði til austurs. Hvernig átti félagið að eignast þetta hús með næstum tóman félagssjóð? Nú, það kostaði ekkert að athuga aðstæður. Í ljós kom að þrjár bankar áttu húsið að mestu, auk þess voru margar kröfur í húsið. Ég fékk mér til aðstoðar lögmann og í sameiningu tókst okkur að semja um allar kröfur en kröfuhafar gáfu eftir skuldir sínar ef við skátarnir fengjum húsið. Að lokum stóð málið þannig að við gátum eignast húsið á kr. 3.300.000,- eins og það var, en ýmislegt þurfti að gera fyrir húseignina.

Bankarnir voru tilbúnir að lána okkur kaupverðið til 10 ára en útborgun yrði kr. 300.000,-. Þá yrðum við að greiða ca. kr. 500.000,- pr. ár næstu 10 ár. Samningar tókust við Félagsheimilasjóð um kr. 100.000,- styrk pr. ár. Garðabær

féllst á styrk til kaupanna kr. 200.000,- pr. ár og kr. 100.000,- til reksturs með því skilyrði að Tónlistaskóli Garðabæjar fengi húsið til afnota á daginn til kennslu. Við skátarnir yrðum að leggja fram kr. 200.000,- + rekstur. Þetta smell allt í liðinn og húsið var keypt. Þessi 12 ár hafa verið erfið, en unga fólkið sýndi hvað í því bjó. Næstu árin söfnuðu krakkarnir peningum með jólakortasölu, fermingarskeytum, kaffisölum, kvikmyndasýningum, dansleikjum, sparnaði og sérlega góðri umgengni um húsið svo viðhald var alveg í lágmarki. Dugnaðurinn var svo mikill að eftir þessi 12 ár eigum við húsið skuldlaust og auk þess góðan útileguskála í Urriðakotslandi, stórt 40 manna tjald o.fl. o.fl. Þetta hefði ekki tekist nema til kæmi mikill jákvæður skilningur Félagsheimilasjóðs og bæjarstjórnar Garðabæjar. Þó sérstaklega þökkum við bæjarstjórum Garðabæjar, þeim Ólafi G. Einarssyni, Garðari Sigurgeirssyni og Þorsteini Einarssyni framkvæmdastjóra Félagsheimilasjóðs fyrir mjög drengilega aðstoð, því allt sem þeir lofuðu, stóð sem stafur á bók. En mest er að þakka unga fólkinu sem trúði á sjálft sig og sem fúslega lagði á sig alla þessa vinnu, en þau vissu að sjálfsögðu um endamarkið. Öruggan griðastað fyrir sitt fristundastarf öllum óháð. Heill þér dugmikla skátaæska Garðabæjar.

*Ágúst Þorsteinsson, skátahöfðingi.*



# Landsmót skáta, 1981

Næsta sumar verður 18. landsmót skáta. Það verður haldið í Kjarnaskógi við Akureyri. Rammi mótsins „Nýr heimur nýtt líf“, vekur með okkur þá hugsjón að stuðla að betra og fegurra jarðlífi. Mótið hefst sunnudaginn 26. júlí og stendur til sunnudagsins 2. ágúst. Reiknað er með 1000 þátttakendum frá 35 skátafélögum á landinu. Einnig er búist við mörgum erlendum skátum frá Noregi, Danmörku, Sviss, Englandi og Ítalíu.

## ÞJÓNUSTA

Margskonar þjónusta verður á mótssvæðinu, þar verður banki, pósthús, símstöð, ferðaskrifstofa, verslun en þar verða seldir minjagripir og ýmiskonar góðgæti, sjúkraskýli en þar verður fylgst með heilsufari mótsgesta. Einnig verður gefið út mótsblað sem er kallað Kjarni.

## DAGSKRÁ

Á mótinu verður mjög fjölbreytt dagskrá frá morgni til kvölds. Boðið verður uppá gönguferðir (Hike), þrautabrautir af ýmsu tagi, íþróttir og eldamennskan verður liður í dagskránni ásamt hinu sigilda tjaldbúðalífi. Einnig



verða bilferðir og skoðunarferðir á merka staði í nágrenninu. Á kvöldin verða varðeldar og eitt kvöldið verður Tívoli. Á laugardeginum verður mótið opnað almenningi og þá um kvöldið verður adalvarðeldur mótsins. Á mótssvæðinu verða sérstakar fjölskyldubúðir sem ekki sist eru ætlaðar fjölskyldum skátanna sem þátt taka í mótinu, þar geta þær dvalið að vild gegn daggjaldi.


Engum þarf að leiðast því eitthvað verður við allra hæfi.



## ARNARKJÖR

LÆKJARFIT 7 — SÍMI 51460

GARÐABÆ



### Arnarkjör

Vekur athygli á opnunartíma sínum  
Mánudaga — Laugardaga  
9 — 7

## Garðbæingar!

Leitið ekki langt  
yfir skammt.

Við erum umboðsaðilar  
fyrir stóru happdrættin.

BÆKUR — RITFÖNG —  
GJAFAVÖRUR OG LEIKFÖNG.



Bókaverslunin GRÍMA  
Garðaflöt 18 — Sími 42720









FJÖLHÆFASTA  
EINANGRUNAREFNIÐ ER:

## PÓLYÜRETHAN


### JAFNT FYRIR:

- ★ Frystihús og kæliklefa.
- ★ Heitavatnslagnir.
- ★ Byggingarpanela.
- ★ Einangrunarplötur.
- ★ Lambdagildi 0,018 — 0,025 — hið lægasta fáanlega —
- ★ Þolir 130° c að staðaldri og allt að 230° c í skamman tíma.



VELJUM ÍSLENZKT — ÍSLENZKAN IÐNAÐ

VERZLUM EINNIG MEÐ ÚRVALS VÖRUR Í:  
Plaströrum, Plastfittings — Plastlími —  
Járnörum — Járnfittings o. fl.



**BÖRKUR hf.**

P.O. BOX 239 • 220 HAFNARFJÖRDUR